

Samþykkt (nr. 107) um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, vernd þess og upptöku í yfirþjóðina gerð á 40. þinginu í Genf 1957.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman þann 5. júní 1957, í fertugasta sinn, og eftir að hafa ákveðið að fallast á tilteknar tillögur varðandi frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, verndun þess og upptöku í yfirþjóðina. sem er sjötti liður á starfsskrá þessa þings; og eftir að hafa ákveðið að þessar tillögur skyldu færðar í form alþjóðlegrar samþykktar; og í því ljósi, að Filadelfiuyfirlýsingin kveður svo á, að allar mannverur hafi rétt til þess að leita líkamlegrar velliðunar og andlegs þroska síns við skilyrði frelsis og virðuleika, efnahagslegs öryggis og jafnréttis; og í ljósi þess, að innan ýmissa sjálfstæðra ríkja er að finna frumbyggja og annað kynþáttfólk eða frumstætt, sem ekki hefur enn samlagast þjóðfélagi landsins, og sem vegna efnahagslegrar, félagslegrar og menningarlegrar stöðu sinnar getur ekki fyllilega notið réttinda og hagræðis annarra hluta landsmanna; og í ljósi þess, að það er æskilegt, bæði af mannúðarástæðum og sakir hagsmuna þeirra landa, sem hlut eiga að máli, að stuðla að áframhaldandi viðleitni til þess að bæta lífskjör og vinnuskilyrði þessa fólks með samstilltum átökum gegn öllu því, er hingað til hefur verið því til hindrunar að fólk þetta tæki fullan þátt í framför þess þjóðfélags, sem það heyrir til; og í ljósi þess, að með því að leita alþjóðlegs samræmds árangurs í þessu efni, verður það auðsóttara að tryggja verndun þess fólks, er hér um ræðir, samlögun þess stig af stigi við þjóðfélagið í hverju landi, og umbót á lífskjörum þess og vinnuskilyrðum; og að því athuguðu, að takmark þessara umbóta hefur verið skipulagt í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Fræðslu-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Heilbrigðisstofnunina, á öllum stigum og öllum sviðum umbótanna, og að hugmyndin er að leitast við að halda áfram þessari samvinnu til þess að tryggja það, að keppt verði að markinu, gerir þingið í dag, þann 26. júní 1957, eftirfarandi Samþykkt, og má vísa til hennar sem samþykktarinnar frá 1957, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt.

I. KAFLI

Stefnan almennt.

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til:

- a. kynþáttafólks og frumstæðs fólks í sjálfstæðum ríkjum, þar sem félagsleg og efnahagsleg staða þessa fólks stendur skör lægra en annars fólks í þjóðfélaginu, enda þannig ástætt um það, að það fylgir í aðalatriðum eða jafnvel algerlega sínum eigin erfðavenjum, eða lýtur sérstökum lögum og reglum;
- b. kynþáttafólks eða frumstæðs fólks í sjálfstæðum ríkjum, því er svo er ástætt um að lítið er á það sem frumbyggja, sökum þess að það er komið af því fólki, sem byggði landið, eða landssvæðið þegar það var unnið eða numið, og sem, hversu svo sem háttáð er um lagalega stöðu þess, hagar lífi sínu meir í samræmi við það félagslega, efnahagslega og menningarlega ástand, sem þá ríkti, heldur en skipulag þess þjóðfélags, sem það heyrir til.

2. Í samþykkt þessari tekur orðið „frumstæður“ til þess fólks og þeirra einstaklinga, sem að vísu kunna að vera að varpa af sér þeim einkennum, sem sérstaklega heyra til kynþáttaskipulaginu, en hafa samt ekki að fullu samið sig að þjóðfélagsháttum landsins.

3. Frumbyggjar þeir og annað kynþáttafólk eða frumstætt, sem átt er við í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, verður hér á eftir nefnt „fólk það, sem um er að ræða.“

2. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu fyrst og fremst bera ábyrgð á því, að unnið sé að því með samræmdum og markvissum aðgerðum, að fólk það, sem hér um ræðir, sé verndað og að það megi smám saman samlagast þjóðlífi hvers lands.

2. Aðgerðir þessar skulu fela það í sér:

- a. að fólk þvi, sem hér um ræðir, sé gert það mögulegt á jafnréttisgrundvelli að njóta þeirra réttinda og þeirra tækifæra, sem landslögin veita öðrum greinum þjóðfélagsins;
- b. að stuðlað sé að félagslegri, efnahagslegri og menningarlegri framför þessa fólks og að bættum lífskjörum þess;
- c. að skapaðir séu möguleikar til þess að fólk þetta geti samlagast þjóðfélaginu, án þess þó að grípa til óeðlilegra ráða.

3. Aðalmarkmið allra slíkra aðgerða skal vera það, að þroska sjálfsvirðingu einstaklingsins, nytsemi hans og framtakssemi.

4. Ekki skal heita valdi eða þvingun í því skyni að stuðla að samlögun þessa fólks við þjóðfélagið.

3. gr.

1. Meðan félagslegt, efnahagslegt og menningarlegt ástand fólks þess, er hér um ræðir, er því til fyrirstöðu að það njóti hagnaðar af lögum landsins þar sem það dvelur, skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til verndunar stofnana, einstaklinga, eigna og vinnu þessa fólks.

2. Þess skyldi vandlega gætt að þessar sérstöku ráðstafanir til verndunar:

- a. séu ekki notaðar til þess að skapa einangrunarástandið eða viðhalda því; og
- b. að þeim sé ekki haldið áfram lengur en þörf er á sérstakri verndun, né heldur á viðtækara sviði en þörfin krefur.

3. Ekki skulu þessar sérstöku ráðstafanir vera því til hindrunar að fólk þetta njóti almennra þegnréttinda á allan hátt án mismununar.

4. gr.

Við framkvæmd samþykktar þessarar að því er varðar samlögun fólks þessa við þjóðfélagið

- a. skal taka fullt tillit til menningarlegra og trúarlegra verðmæta og sömuleiðis þeirra tegunda félagsskapar stjórnar, sem er að finna meðal fólks þessa, og eðlis þeirra vandkvæða, sem það verður að horfast í augu við, bæði sem félagsheildir og einstaklingar, þegar um er að ræða fyrir það félagslegar og atvinnulegar breytingar;
- b. skal hafa fyrir augum þá hættu sem af því stafar að hrófla við verðmætum og stofnunum umrædds fólks, nema þá komi í staðinn eitthvað annað, sem við á og fólk þetta, hópar þess og einstaklingar, vill gera sér að góðu;
- c. skal laga í hendi sér framkvæmdir þær, sem gerðar eru í því skyni að draga úr erfiðleikum þeim, er mæta þessu fólk meðan það er að semja sig að nýjum lífnaðarháttum og störfum.

5. gr.

Við framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar að því er varðar samlögun fólks þessa við þjóðfélagið, skulu ríkisstjórnir:

- a. leita eftir samvinnu fólks þess, er hér um ræðir, og fulltrúa þess;
- b. láta fólk þessu í té tækifæri til þess að þroska sem bezt hæfileika sinn til frumkvæðis;
- c. glæða með öllu mögulegu móti hjá fólk þessu eflingu borgaralegs frelsis og viðleitni þess til þess að koma á fót og taka þátt í stofnunum með kosninga-fyrirkomulagi.

6. gr.

Umbætur á lífsskilyrðum, vinnuskilyrðum og lýðmenntun fólks þess, er hér um ræðir, skulu hafa mikinn forgangsrétt umfram almennar aðgerðir til efnahagsbóta á þeim landsvæðum þar sem fólk þetta býr. Sérstakar framkvæmdir til efnahagsbóta á þeim landsvæðum skal cinnig gera í því skyni að efla slíkar umbætur.

7. gr.

1. Þegar ákvörðuð eru réttindi og skyldur fólks þess, er hér um ræðir, skal taka tillit til þeirra laga, sem tízkan hefur helgað hjá því.

2. Leyfa skal fólki þessu að viðhalda sínum eigin venjum og stofnunum að svo miklu leyti sem þær eru ekki ósamrýmanlegar lögum landsins eða því markmiði, að samlaga það þjóðfélaginu.

3. Framkvæmd framanritaðra tölulíða þessarar greinar skal ekki vera því til fyrirstöðu að menn af því fólki, sem hér um ræðir, neyti, eftir því sem þeir eru til þess hæfir, þeirra réttinda, sem allir borgarar þjóðfélagsins njóta, né heldur að þeir takist á hendur tilsvarendi skyldur.

8. gr.

Að svo miklu leyti sem það samrýmist hagsmunum þjóðfélagsins og lögum landsins

- a. skal þeim reglum, sem fólk þetta við hefur til þess að halda uppi aga, eftir því sem unnt er beitt þegar um er að ræða misverknað eða lagabrot framið af mönnum af þessu fólki;
- b. skulu stjórnarvöld og dómstólar, þar sem þessar reglur til þess að halda uppi aga eru ekki nothæfar, hafa í huga venjur þessa fólks að því er refsingar varðar, þegar fjallað er um slík mál.

9. gr.

Að undanskildum þeim tilfellum þar sem lögin mæla svo fyrir gagnvart öllum borgurum þjóðfélagsins, skal það hannað að viðlagðri refsingu að lögum, að krefjast af mönnum af því fólki, sem hér um ræðir, nauðungarþjónustu í nokkurri mynd, jafnt hvort goldið er fyrir hana eða ekki.

10. gr.

1. Menn af fólki því, sem hér um ræðir, skulu njóta sérstakrar verndar gegn því, að vera settir í hindrunarvarðhald, og skal þeim vera heimil málshöfðun til öruggrar verndar frumstæðum réttindum sínum.

2. Þegar menn af fólki þessu eru dæmdir til refsingar eftir ákvæðum almennra laga, skal taka tillit til þess, á hvaða menningarstigi fólk þetta stendur.

3. Fremur skyldi beita aðferðum til þess að rétta manninn við aftur, heldur en að setja hann í fangelsi.

II. KAFLI

Land.

11. gr.

Hvort heldur hann er sameiginlegur eða í höndum einstaklinga, skal viðurkenndur eignarréttur manna af fólki því, sem hér um ræðir, yfir landi því, sem í langa tíð hefur verið heimkynni þessa fólks.

12. gr.

1. Ekki skal fólk það, er hér um ræðir, öðruvísi en með fúsu samþykki þess sjálfs vera flutt af landsvæði því, þar sem það hefur til lengdar dvalið, nema í samræmi við landslög og lagaleg fyrirmæli vegna öryggis þjóðarinnar, eða vegna hags-

munalegra nauðsynja þjóðfélagsins, eða fyrir heilbrigðislegar ástæður fólksins sjálfs.

2. Þegar í slíkum tilfellum flutningur fólks þessa er nauðsynlegur af ástæðum sem teljast til undantekninga, skal því fengið land, er sé að minnsta kosti eins gott og það land er það áður hafði, og skal það vera svo að fullnægi þörfum þess í svíþinn og framtíðarþróuninni. Ef svo ber undir að um fleiri en eina tegund atvinnu er að ræða og þar sem fólkið kys heldur að fá bætur í reiðufé eða í vörum, skal láta því umbæturnar í té á þenna hátt og með viðeigandi tryggingu.

3. Það fólk, sem flutt er til, skal fá fullar bætur fyrir hvers konar tjón eða slys, er þar af kann að hljóta.

13. gr.

1. Þær aðferðir við tilflulning á eignarrétti á landi og nytjum lands, sem hefðbundnar eru á meðal fólks þess, er hér um ræðir, skal halda í heiðri, innan takmarka landslaga og fyrirmæla, að svo miklu leyti sem þær fullnægja þörfum þessa fólks og hamla ekki cfnahagslegri og félagslegri framför þess.

2. Ráðstafanir skulu gerðar því til hindrunar, að menn sem ekki tilheyra því fólki, sem hér um ræðir, notfæri sér þessar venjur, eða ófullkomna þekkingu þessa fólks á lögum til þess að ná í sínar hendur eignarrétti eða notkunarrétti yfir landi, sem tilheyrir mönnum af stofni þessa fólks.

14. gr.

Þjóðleg framfarafyrirtæki í landbúnaði skulu tryggja fólki því, er hér um ræðir, sömu réttindi og öðrum hlutum þjóðfélagsins að því er varðar:

- a. framlag meira lands handa fólki þessu þegar það hefur ekki nauðsynlegt landrými til þess að geta haft af því sémilega afkomu, eða vegna þess að nauðsyn er á því vegna hugsanlegrar fólksfjölgunar;
- b. að fólki þessu sé séð fyrir nauðsynjum til þess að auka ræktun þess lands, er það þegar hefur til umráða.

III. KAFLI

Ráðning fólks til atvinnu og vinnuskilyrði þess.

15. gr.

1. Innan þeirra takmarka sem landslög og lagaleg fyrirmæli setja, skal hvert aðildarríki gera sérstakar ráðstafanir til öruggrar tryggingar að því er varðar ráðningu og vinnuskilyrði verkamanna af fólki því, er hér um ræðir, meðan ekki er svo ástátt að það geti notið þeirrar verndar, sem almennt er veitt verkafólki.

2. Hvert aðildarríki skal gera allt sem því er unnt til að varna því, að gert sé upp á milli verkamanna af því fólki, sem hér um ræðir og annarra verkamanna, einkum að því er varðar:

- a. aðgang að slörfum, þar með talin störf faglærðra manna;
- b. sama kaup fyrir sama starf;
- c. læknishjálp og félagshjálp, varnir gegn vinnuslysum, bætur til verkamanna, heilbrigðisráðstafanir við atvinnu, og húsakynni;
- d. rétt þess til þess að mynda með sér félagsskap og til allrar löglegrar starfsemi stéttarféлага, og rétt til þess að gera heildarsamninga við vinnuveitendur eða félagssamtök þeirra.

IV. KAFLI

Kennsla í atvinnugreinum, handiðnum og sveitaiðnum.

16. gr.

Menn af því fólki, sem hér um ræðir, skulu njóta sömu réttinda og aðrir borgarar þjóðfélagsins að því er varðar tækifæri til náms í atvinnugreinum.

17. gr.

1. Þar sem svo er háttað að hið almenna fræðslukerfi í atvinnugreinum svarar ekki til hinna sérstöku þarfa nemenda af stofni þess fólks, er hér um ræðir, skulu ríkisstjórnirnar sjá fyrir sérstakri fræðslu handa þessu fólki.

2. Þessi sérstaka kennsla skal byggð á rækilegri athugun á atvinnulegu umhverfi fólksins, menningarstigi þess, og á því, hvers hinir ýmsu flokkar þess þarfnist vegna atvinnu sinnar. Einkum skulu ríkisstjórnirnar sjá um að fólk það, er hér um ræðir, fái kennslu í þeim atvinnugreinum, sem söguleg rök sýna að það hafi sérstaka hæfileika til að stunda.

3. Þessari sérstöku kennslu skal haldið uppi aðeins þangað til fólk það, er hér um ræðir, hefur náð því menningarstigi að það hafi hennar ekki lengur þörf; eftir því sem það smám saman samlagast þjóðfélagi landsins, skal í stað hennar koma sú fræðsla, sem borgurunum almennt er ætluð.

18. gr.

1. Glæða skal áhuga á handiðnum og sveitaiðnum sem þáttum í framþróun fólks þess, er hér um ræðir, til betri lífskjara og herra menningarstigs, svo að það megi laga sig eftir framleiðsluháttum nútímans og verzlunarmöguleikum.

2. Handiðnir og sveitaiðnar skal cfla á þann hátt, að varðveittur sé menningararfur þessa fólks, en listagildið aukið og hin sérstöku menningareinkenni látin ná meiri þroska.

V. KAFLI

Félagslegt öryggi og heilsuvernd.

19. gr.

Þær ráðstafanir, sem nú eru í gildi, um félagslegt öryggi, skulu haldast, og þar sem því verður við komið, látnar verða viðtækari, svo að þær taki til:

- a. launþega af fólki því, er hér um ræðir;
- b. annarra manna af sama stofni.

20. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu taka á sig og sjá um tilhlýðilega heilsuverndarþjónustu til handa fólki því, er hér um ræðir.

2. Skipulag þessarar heilsuverndarþjónustu skal byggt á gaumgæfilegum rannsóknnum á félagslegri, efnahagslegri og menningarlegri stöðu þess fólks, er hér um ræðir.

3. Framfarir í þjónustu þessari skulu samræmdar almennum aðgerðum til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra framfara.

VI. KAFLI

Menntamál og samgöngumál.

21. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til þess, að menn af því fólki, sem hér um ræðir, megi njóta sömu skilyrða og aðrir þegnar þjóðfélagsins til þess að afla sér menntunar á öllum stigum skólakerfisins.

22. gr.

1. Skipun menntamála í þágu fólks þess, er hér um ræðir, skal, bæði um aðferðir og hætti, sníða eftir því stigi, sem það hefur náð til samlögunar við þjóðfélagið, jafnt í félagslegum, hagsmunalegum og menningarlegum efnum.

2. Við skipulagningu þessara mála skal að jafnaði fara eftir því, hvernig háttað er um dvalarstaði hinna ýmsu þjóðflokka í landinu.

23. gr.

1. Börnum fólks þess, er hér um ræðir, skal kenna lestur og skrift á móðurmáli þeirra, eða, þar sem þessu verður ekki við komið, þá á þeirri tungu, sem almennast er notuð í þeim hópi, sem þau tilheyra.

2. Ráðstafanir skulu gerðar til þess, að smám saman sé horfið frá móðurmálinu, eða talmálinu, til þjóðtungu landsins eða ríkismáls þess.

3. Eftir því sem unnt er, skal gera tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að varðveita móðurmálið eða talmálið.

24. gr.

Það skal vera takmarkið með barnafræðslu á meðal fólks þess, er hér um ræðir, að veita börnunum þá almenna þekkingu og þá kunnáttu til handanna að fyrir hana verði þeim auðveldara að samlega sig þjóðfélaginu.

25. gr.

Á meðal annarra hluta þjóðfélagsins, og einkum á meðal þeirra, sem mest hafa saman við það fólk að selda, er hér um ræðir, skal það vera einn þáttur fræðslunnar að uppræta þá andúð, sem þar kann að vera að finna gegn þessu fólki.

26. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir, sniðnar eftir félagslegum og menningarlegum sérkennum fólks þess, er hér um ræðir, til þess að koma því í skilning um réttindi sín og skyldur, einkum að því er varðar vinnumál í þjóðfélagslegum skilningi og umönnun ríkisins fyrir þegnunum.

2. Ef nauðsyn krefur, skal þetta gert með rituðum þýðingum og með þeim tækjum sem ná til fjöldans á tungumálum þessa fólks.

VII. KAFLI

Framkvæmdaatriði.

27. gr.

1. Stjórnardeild sú, er fer með þau mál, er samþykkt þessi fjallar um, skal setja upp eða auka við skrifstofur til framkvæmdar málunum.

2. Til þessara mála heyrir:

- a. að skipuleggja, samræma og koma í framkvæmd tilhlýðilegum ráðstöfunum til félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra framfara fólks þess, er hér um ræðir;
- b. að leggja á ráð um lagasetningu og önnur atriði við hlutaðeigandi stjórnarvöld;
- c. að hafa eftirlit með framkvæmd þessara mála.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

28. gr.

Bæði eðli og svip þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til þess að framkvæma fyrir-mæli samþykktar þessarar, skal ákveða með sveigjanlegum hætti og taka tillit til þeirra sérstöku kringumstæðna, sem ríkjandi eru í hverju landi.

29. gr.

Framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar skal ekki hafa áhrif á þær hagsbætur, er veittar hafa verið fólki því, er hér um ræðir, með öðrum samþykktum eða tillögum.

Tillaga (nr. 104) um vernd aðkomins fólks og fólks af öðrum kynþáttum og upptöku þess í þjóðina í sjálfstæðum löndum, samþykkt á fertugasta þinginu í Genf þann 26. júní 1957.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðs, sem yfirstjórn stofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 40. sinn þann 5. júní 1957, og með því að það ákvað að fallast á tilteknar bendingar um vernd aðkomins fólks og fólks af öðrum kynþáttum og upptöku þess í heimþjóðina í sjálfstæðum löndum, sem er sjölti liður á málefnskrá þingsins, og að bendingar þessar skyldu færðar í tillöguform sem viðauki við samþykktina frá 1957 um aðkomufólk og fólk af öðrum kynþáttum, og með því að eftirfarandi reglur hafa verið samdar í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Menntamála-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og Alþjóðlegu heilsuverndarstofnunina, hin réttu stjórnarvöld þeirra á hverju sviði, og áformað er að leita framhaldandi samvinnu til þess að reglum þessum verði beitt í framkvæmd, samþykkir það í dag, 26. júní 1957 eftirfarandi tillögu, er vitna má til sem tillögunnar frá 1957 um vernd aðkomins fólks og fólks af öðrum kynþáttum.

Þingið leggur til, að hvert aðildarríki beiti eftirgreindum ákvæðum:

I. Formálsákvæði.

1. (1) Tillagan tekur til:

- a. þess kynþáttafólks í sjálfstæðum löndum, sem félagslega og efnalega er skemmra á veg komið en aðrir hlutar landslýðsins, og sem að einhverju eða öllu leyti lýtur sínum eigin siðum og venjum, eða sérstökum lögum og reglum;
- b. þess kynþáttafólks í sjálfstæðum löndum, sem litið er á sem aðkomið sökum þess, að það er komið af frumbyggjum landsins, eða landflæmis sem landið er hluti af, á þeim tíma er landið var annað hvort tekið herskildi eða numið, og sem, hvað sem líður lagalegri stöðu þess, hagar lífi sínu meir í samræmi við félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar stofnanir á þeim tíma heldur en stofnanir þjóðar þeirra, er það heyrir til.

(2) Þar sem í tillögu þessari er talað um „kynþáttafólk“, tekur það einnig til þeirra flokka fólks, sem ekki hafa enn að fullu samlagast landslýðnum, enda þótt það kunnist að vera búið að glata þeim einkennum, er sérkenndu kynþáttinn.

(3) Það aðkomufólk og annað kynþáttafólk, sem við er átt í málsgreinunum (1) og (2) í grein þessari, verður hér framvegis kallað „það fólk, sem um er að ræða“.

II. Land

(þ. e. jarðnæði).

2. Af hálfu löggjafarvaldsins eða framkvæmdarvaldsins skyldu gerðar ráðstafanir um það, *de facto* eða *de jure*, með hverjum skilmálum fólk það, sem um er að ræða, geti hagnýtt sér land.

3. (1) Fólki því, sem um er að ræða, skyldi tryggt nægilegt land til þess að það geti skipt um ræktun (frá ári til árs) meðan ekki hafa verið innleiddar hagkvæmari ræktunaraðferðir.

(2) Meðan því takmarki hefur ekki verið náð, að hálfvert reikunarfólk (nomadar) taki sér bólfestu, skyldu því fengin tiltekin landsvæði, svo að innan þeirra takmarka megi það hindrunarlaust beita hjörðum sínum.

4. Menn af því fólki, sem hér um ræðir, skyldi njóta hinna sömu réttinda og landslýðurinn að því er varðar eignarrétt á auðlindum neðanjarðar, eða forréttindi til þess að hagnýta slík auðæfi.

5. (1) Hömlur skyldu settar við því, að land, sem er í eign manna af því fólki,

sem hér um ræðir, sé beint eða óbeint selt á leigu, nema í sérstökum kringumstæðum, er skilgreindar séu með lögum.

(2) Í þeim tilfellum, er heimila slíka leigusölu, skal gera þær ráðstafanir að tryggð sé að eigandinn fái sanngjarna leigu greidda. Leiga goldin fyrir sameignarland, skyldi, eftir viðeigandi reglum, notuð þeim flokki manna í hag, sem er eigandi landsins.

6. Hömlur skyldu lagðar á það, að land tilheyrandi mönnum af því fólki, sem hér um ræðir, sé veðsett þeim, sem ekki eru af því fólki.

7. Tilhlýðilegar ráðstafanir skyldu gerðar til þess að varna því, að bændur af því fólki, sem hér um ræðir, safni skuldum. Skyldi komið á fót lánsstofnunum með samvinnusniði, og lán með vægum vaxtakjörum, tæknileg aðstoð og, þar sem það á við, styrkir, skyldi látið bændum þessum í té til þess að þeir geti ræktað land sitt.

8. Þar sem slíkt hentar, skyldi samvinnuframleiðsla með fyrirkomulagi því, er nú tíðkast, innkaup og afurðasala, samræmt því sameignarfyrirkomulagi í eignarétti og notkun lands og framleiðslutækja meðal fólks þess, er hér um ræðir, og sömuleiðis því fyrirkomulagi, er tíðkæzt hefur hjá því er varðar félagslega þjónustu og gagnkvæma aðstoð.

III. Liðsöfnun til starfa og starfsskilyrði.

9. Meðan það fólk, sem hér um ræðir, hefur ekki aðstöðu til þess að njóta þeirrar verndar, sem lög veita verkafólki almennt, skyldi liðsafnaður úr hópi þessa fólks til starfa lúta vissum reglum, einkanlega á þann hátt að:

- a. stjórnarvaldaleyfi þurfi til þess, að einstakir menn hafi slíkan liðsafnað með höndum, enda sé starfsemi þeirra eftirliti háð;
- b. skorður séu settar við því, að liðsöfnunin hafi sundrandi áhrif á heimilislíf verkamanna eða félagslíf þeirra, þar á meðal að
 - (i) bannað sé að ráða menn á tilteknum tímum og á tilteknum svæðum;
 - (ii) verkamönnum sé gert mögulegt að halda sambandi við og taka þátt í mikilsvarðandi starfsemdum kynflokks þess, er þeir eru upprunnir úr; og
 - (iii) skylduliði hinna ráðnu verkamanna sé séð fyrir vernd;
- c. ákveða lágmarksaldur til þess að ráða megi til vinnu og setja sérstök skilyrði um ráðningu þeirra manna, sem ekki eru fulltíða;
- d. setja tiltekin skilyrði um heilsufar, er fullnægja verði til þess að ráða megi mennina til starfa;
- e. ákveða hvernig háttáð skulu farningu hinna ráðnu verkamanna svo að fullnægjandi sé;
- f. sjá um að öruggt sé:
 - (i) að verkamönnum sé það ljóst, með hvaða skilmálum þeir eru ráðnir til vinnunnar, og sé þetta skýrt fyrir þeim á móðurmáli þeirra;
 - (ii) að þeir fúslega samþykki skilmálana, sem þeir eiga að hlíta.

10. Meðan það fólk, sem hér um ræðir, hefur ekki aðstöðu til að njóta þeirrar verndar, sem lög veita verkafólki almennt, skyldi kaupgjald og persónulegt frjálsræði verkamanna af þessu fólki sérstaklega verndað með því að gera ráðstafanir til þess að:

- a. kaupið sé yfirleitt goldið aðeins í lögumætum gjaldeyri;
- b. bannað sé að gjalda kaupið eða nokkurn hluta þess í vínanda eða öðrum áfengum drykkjum eða skaðvænlegum lyfjum;
- c. bannað sé að gjalda kaupið í drykkjustofum eða sölubúðum, að undanskildu því fólki, er þar vinnur;
- d. reglur séu settar um hámarksupphæðir, er gjalda megi fyrirfram af kaupi og um það, hvernig og með hvaða skilmálum slíkar fyrirframgreiðslur skuli dragast frá kaupinu;

- e. sölubúðir á vinnustöðum og önnur slík þjónusta er undir vinnuveitandann heyrir, lúti eftirliti;
- f. ekki sé lagt hald á eða gert upptækt persónulegir munir eða þau verkfæri, er verkamenn venjulega nota, vegna þess að ekki hafi verið staðið við vinnusamning eða vegna skulda, nema að áður fengnu samþykki rétttra stjórnarvalda, laga-legra eða framkvæmdarlegra;
- g. hannað sé að skerða einstaklingsfrelsi verkamanna vegna skulda.
11. Tryggður skyldi réttur þessa fólks til þess að vera sent aftur til síns eigin lands á kostnað þess, er réð það, eða á kostnað vinnuveitandans, undantekningarlaust, þegar svo hefur farið fyrir verkamanninum að:
- a. hann hefur orðið óvinnufær fyrir sjúkleika eða slys á leiðinni til vinnustaðarins eða þar sem hann starfaði;
 - b. lækni- og sýkihefing hefur leitt það í ljós að hann er ekki hæfur til starfa;
 - c. hann er ekki tekinn í vinnu eftir að hafa verið sendur í því skyni, enda eigi hann ekki sök á þessu;
 - d. rétt stjórnarvöld komast að raun um að hann hefur verið ráðinn undir fölsku yfirskyni eða af misskilningi.
12. (1) Ráðstafanir skyldu gerðar til þess, að gera verk mönnum af því fólki, sem hér um ræðir, auðveldara að samlaga sig hugmyndum og háttum samskiptanna í iðnaðarmálum þjóðfélags nútíðarinnar.
- (2) Þar sem nauðsyn ber til, skyldu gerðir samningar í fastákveðnu formi fyrir milligöngu fulltrúa verkamanna og þeirra atvinnurekenda, er hlut eiga að máli. Í þeim samningum skyldi tiltaka réttindi og skyldur bæði verkamanna og vinnuveitenda, og sömuleiðis með hvaða skilyrðum fella meg samningana úr gildi. Fullnægjandi ráðstafanir skyldu gerðar til þess, að staðið verði við samningana.
13. (1) Gerðar skyldu ráðstafanir, er lögum séu samkvæmar, til þess að stuðla að því, að verkamenn og skyldulið þeirra geti haft fast aðsetur á eða nálægt vinnustaðnum, ef slíkt fyrirkomulag er hagkvæmt verkamönnum og þjóðarbúskap þess lands, er í hlut á.
- (2) Við framkvæmd slíkra ráðstafana, skyldi sérstakt tillit tekið til þeirra vandamála er því fylgja, að verkamenn af því fólki, sem hér um ræðir, og skyldulið þeirra, megj semja sig að störfum og lífnaðarháttum hins nýja umhverfis þeirra.
14. Þegar það telst vera gagnstætt hagsmunum þessara verkamanna og samfélags þeirra, skyldi hlífzt við tilflutningum þess fólks, er hér um ræðir, og í stað þess fundin ráð til þess að bæta lífskjörin í þeim löndum eða héruðum, sem á liðnum tímum hafa verið áttthagar þeirra.
15. (1) Ríkisstjórnir skyldu koma á fót almennri ráðningarþjónustu, annað hvort með föstum aðsetrum eða umferðasniði, á þeim svæðum þar sem verkamenn af því fólki, er hér um ræðir, eru í stórum stíl ráðnir til atvinnu.
- (2) Auk þess að hjálpa verkamönnum til atvinnu og vinnuveitendum til þess að fá verkafólk, skyldi slík ráðningarþjónusta:
- a. ákveða í hve stórum stíl bæta megj úr verkafólkseklun í öðrum hlutum landsins með þeim mannafla sem kostur er á í þeim héruðum, er fólk það, sem hér um ræðir, byggir, án þess að með tilflutningnum sé raskað félagslegu eða efnahagslegu jafnvægi;
 - b. vera verkamönnum og vinnuveitendum til ráðuneytis um þau fyrirmæli í lögum, reglugerðum og samningum, er þá varða og lúta að launamálum, húsnæðismálum, bótum fyrir vinnuslys, tilflutninga og annað það, er að vinnuskilyrðum lýtur;
 - c. styðja ábyrg stjórnarvöld í framkvæmd þeirra laga eða reglugerða, er sett eru til verndar því fólki, sem hér um ræðir, og þar sem það er nauðsynlegt, skyldi henni falin sú ábyrgð að stjórna þeirri aðferð, sem höfð er við ráðningar verkamanna af því fólki, sem hér um ræðir, og þeim skilyrðum, er atvinnan lýtur.

IV. Kennsla í atvinnugreinum.

16. Kennsla í atvinnugreinum fyrir það fólk, sem hér um ræðir, skyldi einnig taka til þess, að séð sé fyrir því, að einhverjir af flokki þess séu undir það búinir, að takast kennsluna á hendur. Slikir kennarar skyldu hafa þekkingu á þeim tæknilegum atriðum, þar á meðal ef þess er kostur þjóðfræðilegum og sálfræðilegum atriðum, er gera mundu þeim mögulegt að haga kennslunni eftir þeim sérstöku skilyrðum, er henta þörfum þess fólks, er hér um ræðir.

17. Kennsla í atvinnugreinum fyrir það fólk, sem hér um ræðir, skyldi eftir því sem við verður komið fara fram á eða nálægt þeim stað, þar sem það vinnur.

18. Fyrst í stað, meðan fólkið er að samlagast þjóðinni, skyldi kennslan, að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt, fara fram á þeirri tungu, er fólk þetta talar.

19. Kennsla í atvinnugreinum fyrir fólk það, er hér um ræðir, skyldi samræmd þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að þeir menn, er vinna á eigin býti, geti aflað sér efnis og áhalda, og til þess að útvega kaupþegum þá atvinnu, er svari til hæfileika þeirra.

20. Tilhögun og aðferðir við kennslu í atvinnugreinum handa fólki því, er hér um ræðir, skyldu vera í samræmi við tilhögun og aðferðir við kennslu til almennrar menntunar.

21. Meðan á því stendur að verið sé að veita mönnum af því fólki, sem hér um ræðir, kennslu í atvinnugreinum, skyldi þeim veitt öll möguleg aðstoð til þess að notfæra sér hana sem bezt, þar á meðal með námsstyrkjum, þar sem það á við.

V. Handiðnir og sveitaiðnir.

22. Ráðstafanir til þess að efla handiðnir og sveitaiðnir á meðal fólks þess, er hér um ræðir, skyldu sérstaklega hafa það markmið:

- a. að bæta um tækni og starfsaðferðir og jafnframt vinnuskilyrði;
- b. að efla á allan hátt framleiðslu og sölu, þar á meðal með því að sjá fyrir lánsfé, varnarráðstafanir gegn einokun og gegn ágengni milliliða, útvega hráefni við sanngjörnu verði, koma á föstum kröfum um að hlutirnir séu vel gerðir, og með því að vernda gerðir og sérstakan fegurðarsvip hlutanna; og
- c. með því að hvetja til þess, að stofnuð séu samvinnufélög.

VI. Almennar tryggingar og ráðstafanir til aðstoðar.

23. Jafnframt því, eða fyrst og fremst, sem gerðar eru ráðstafanir til almennra trygginga þess fólks, er hér um ræðir, skyldi einnig gera ráðstafanir til þess að bæta hag þess efnalega og félagslega.

24. Þar sem um er að ræða þá, er hafa með höndum frumframleiðslu fyrir eigin reikning, skyldu ráðstafanir gerðar til þess að:

- a. að þeim sé veitt tilsögn í búnaðaraðferðum, er fullnægi kröfum tímans;
- b. þeim sé séð fyrir nauðsynjum, svo sem eins og áhöldum, búfé, útsæði; og
- c. þeir séu tryggðir gegn þeirri hættu að missa lífsviðurværi sitt fyrir þær ákomur, sem vofa yfir uppskeru og búfénaði.

VII. Heilsuvernd.

25. Fólk það, er hér um ræðir, skyldi hvatt til þess að stofna sín á meðal í hverjum stað heilsugæzlunefndir til þess að annast heilbrigði samfélagsins. Jafnframt því sem slíkar nefndir eru stofnaðar, skyldi haldið uppi fræðslustarfi til þess að verk þeirra megi koma að sem fyllstum notum.

26. (1) Sérstakar ráðstafanir skyldu gerðar til þess að kenna mönnum af fólki því, er hér um ræðir, að starfa sem aðstoðarmenn við heilsugæzlu, læknisstörf og heilbrigðismál, þar sem menn þessir eiga þess ekki kost að nema í hinum almennu menntastofnunum landsins.

(2) Við því skyldu reistar skorður, að enda þótt þessar ráðstafanir til sérstakrar fræðslu séu gerðar, þá sé það þó ekki með þeim afleiðingum, að menn af því fólki, sem hér um ræðir, séu þar með sviptir tækifæri til þess að læra í hinum almennu menntastofnunum landsins.

27. Þeir hinir fullgildu menn læknastéttarinnar, er starfa á meðal þess fólks, sem hér um ræðir, skyldu hafa þá kunnáttu í þjóðfræðislegri og sálfræðilegri tækni, er geri þeim mögulegt að laga starf sitt eftir menningarlegum sérkennum þessa fólks.

VIII. Menntamál.

28. Komið skyldi á vísindalegri rannsókn, og hún kostuð af almannafé, í því skyni að ganga úr skugga um það, hver vera mundi hentugasta aðferðin til þess að kenna börnum þess fólks, er hér um ræðir, lestur og skrifl, og að nota móðurmál þess eða það mál, er það talar, við þá kennslu.

29. Kennarar þeir, er starfa á meðal þess fólks, sem hér um ræðir, skyldu hafa þá kunnáttu í þjóðfræðislegri og sálfræðilegri tækni, er geri þeim mögulegt að laga starf sitt eftir menningarlegum sérkennum þessa fólks. Kennarar skyldu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, valdir úr hópi þessa fólks sjálfs.

30. Fræðsla til undirbúnings kennslu í atvinnugrcinum, með áherzlu á fræðslu í þeim greinum er lúta að landbúnaði, handiðnum, sveitaiðnum og heimilisstjórn á frumstigi skólafræðslu fyrir fólk það, er hér um ræðir.

31. Frumatriði heilsufræði skyldi tekin upp á frumstigi skólafræðslu fyrir fólk það, er hér um ræðir.

32. Frumstigi skólafræðslu fyrir fólk það, er hér um ræðir, skyldi eftir því sem unnt er haldið áfram með því að styðja kappsamlega að undirstöðuatriðum almennrar menntunar. Sú viðleitni skyldi hafa það markmið að hjálpa bæði börnum og fullorðnum til að skilja þau vandamál, sem umhverfið skapar, ásamt rétti þeirra og skyldum bæði sem borgarar þjóðfélagsins og einstaklingar, svo að þeir verði þar fyrir hæfari til þess að taka gagnlegan þátt í efnahagslegri og félagslegri framför þjóðfélagsins.

IX. Tungumálið og önnur meðul til samskipta.

33. Þar sem slíkt hentar, skyldi greitt fyrir sameiningu þess fólks, sem hér um ræðir, við heimaþjóðina með því að:

- a. auðga tæknilegan og lagalegan orðaforða talmáls þess eða mállýzku;
- b. mynda stafróf til þess að rita á mál þessi eða mállýzkur;
- c. gefa út á málum þessum eða mállýzkum lesbækur á því menntunar- og menningarstigi, er sé við hæfi þess fólks, sem hér um ræðir; og
- d. gefa út orðabækur á tveim málum.

34. Kennsluaðferðir, er noti hljóð- og sýningartæki skyldu við hafðar til fræðslu því fólki, sem hér um ræðir.

X. Kynþáttaflokkar á landamærasvæðum.

35. (1) Þar sem það hentar og því verður við komið, skyldu tvær eða fleiri ríkisstjórnir hafa um það samtök með milliríkjasamningum, að vernda hálfgildingsflökkukynþætti þar sem svo hágar til, að hin hefðbundnu svæði þeirra liggja báðum megin landamerkjalinunnar.

(2) Með slíkum samtökum skyldi einkum stefnt að því, að:

- a. tryggja það, að fólk af þessum flokkum, sem vinnur í öðru landi, fái sanngjarnt kaup eftir þeim mælikvarða, sem farið er eftir þar sem unnið er;
- b. Aðstoða þetta verkafólk við að fá bætt lífskjör sín án greinarmunar á þjóðerni og án þess að það gjaldi þess, að það er hálfgildingsflökkulýður.

XI. Framkvæmdaatriði.

36. Ráðstafanir til framkvæmdar skyldu gerðar annað hvort með ríkisstofnunum, er komið sé upp í þeim tilgangi, eða með viðeigandi samræmdum aðgerðum annarra ríkisstofnana, og sé markmiðið að:

- a. tryggja að framfylgt sé lagaboðum og fyrirmælum um framkvæmdir varðandi verndun fólks þess, er hér um ræðir, og samruna þessi við þjóðina;
- b. tryggja það, að fólk þetta fái raunverulegan eignarrétt á landi og geti notfært sér aðrar auðlindir náttúrunnar;
- c. að stjórnad sé eignum og tekjum þessa fólks, þar sem slíkt er nauðsynlegt fyrir hagsmunum þess;
- d. séð sé fyrir lögfræðilegri aðstoð þessu fólki til handa, þar sem það kann að þurfa á henni að halda, en hefur ekki efni á að kosta hana;
- e. koma á og halda uppi fræðsluþjónustu og heilsuverndarþjónustu handa því fólki, sem hér um ræðir;
- f. efla rannsóknarstarf, er miði að því, að auka skilning á lifnaðarháttum þessa fólks og með hverjum hætti það megi sameinast þjóðfélaginu;
- g. varna því, að niðst sé á verkamönnum af því fólki, sem hér um ræðir, sökum þess að það er ókunnugt vinnuskilyrðum þar sem það hefur hafnað;
- h. hafa eftirlit með og samræma, þar sem slíks gerist þörf, innan þeirra takmarka, sem sett eru um vernd og sameiningu við þjóðfélagið, hverja þá starfsemi, hvort heldur hún er gerð í nafni mannúðar eða í ábataskyni, sem einstaklingar eða félög, hvort heldur þau eru almenningssamtök eða einkafyrirtæki, hafa með höndum á þeim landsvæðum þar sem býr fólk það, er hér um ræðir.

37. (1) Þær opinberar stofnanir, sem einkum er falið að annast vernd fólks þess, er hér um ræðir, og samruna þess við þjóðfélagið, skyldu hafa héraðaskrifstofur á þeim svæðum, þar sem mikið er af fólki þessu.

(2) Starfslíðið á skrifstofum þessum skyldi vera embættismenn, sem valdir hafi verið og þjálfaðir til þess að hafa með höndum þau sérstöku störf, sem þeim eru falin. Að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt, skyldu embættismenn þessir valdir úr hópi þess fólks, sem hér um ræðir.

9. Mismunur á rétti til atvinnu.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1957 en þá lá fyrir skýrsla um það frá Alþjóðavinnuáskrifstofunni.

Samþykkt var að gert yrði uppkast að samþykkt og tillögu um þetta mál og gengið frá drögum að þeim. Þar er gert ráð fyrir því, að aðildarríki, sem fullgildir væntanlega samþykkt, skuldbindi sig til þess að koma á jafnrétti manna til vinnu. Skulu ríkisstjórnirnar hafa um þetta efni samráð og samvinnu við samtök verkamanna og atvinnurekenda. Ákveðið var að taka þetta mál til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1958.

10. Vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1957 og var rætt á grundvelli skýrslu frá Alþjóðavinnuáskrifstofunni. Nefndin, sem um málið fjallaði, varð ásátt um að gerð skyldi um það samþykkt ásamt tillögu, er fæli í sér nánari reglur.

Uppkast það að samþykkt, sem nefndin gerði, skilgreinir til hvaða atvinnureksturs hún skuli taka og fjallar um ýmis atriði, svo sem ráðningu verkamanna, vinnusamninga og bann við refsingum vegna brota á þeim, vinnulaun, orlof, vikulega hvíld, mæðravernd, slysabætur, félagafrelsi, vinnueftirlit og húsnæðismál.

Ákveðið var að mál þetta yrði endanlega afgreitt á þinginu 1958.